

Sp. 430. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]
um að láta breyta vegakerfi á Þingvöllum.

Flm.: Einar Olgeirsson, Eggert Þorsteinsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Ágúst Þorvaldsson,
Sveinbjörn Högnason, Bjarni Benediktsson, Jóhann Józefsson,
Finnbogi R. Valdimarsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela Þingvallanefnd að láta hætta allri bílaumferð um veginn
eftir Almannagjá og leggja nýjan bílveg, er eigi liggja gegnum gjána.

Greinargerð.

Það er nú brýn nauðsyn að láta hætta allri bílaumferð gegnum Almannagjá, ef sá staður á að vera raunverulega friðlýstur. Nú er svo komið, að illverandi er fyrir fólk í gjánni sakir bílaumferðar og þess ryks og ókyrrðar, sem af umferðinni stafar. Og ekki er ólíklegt, að umferð hinna þungu farartækja, sem sífellt verða fyrirferðarmeiri, valdi aukinni hættu á hruni úr gjárbarminum, — og með tímanum grefur rykið, sem upp er þyrlað, búðarústirnar, ef þannig er haldið áfram.

Almannagjá á að vera friðaður reitur, þar sem menn fara um fótgangandi, þar sem blóm og grös fá að vaxa í næði og þar sem fólk getur verið í friði við minjarnar um forna tíma og sérkennilega náttúrufegurð staðarins. Frekar mætti prýða gjána villtum blómum, án þess að fara samt að búa þar til nokkra blómareiti, í stað þess að ausa hana svo ryki sem nú er gert með bílaumferðinni.

Auðvelt er að tryggja betri samgöngur en nú eru í gegnum Almannagjá með vegarlagningu til Valhallar af vegum þeim, sem nú liggja niður frá þjóðveginum fyrir neðan Kárastaði.

Tilgangur þessarar þáttill. er að fela Þingvallanefnd að láta framkvæma þetta í samráði við vegagerð ríkisins. Léti nefndin þá banna allan akstur gegnum Almannagjá, en hins vegar væri nefndinni í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti hún leyfði farlana fólki, sem ella gæti ekki borið sig yfir, undanþágu til að aka inn í gjána frá Óxarárbrú og snúa síðan við nálægt Lögbergi.